



## Fundur í sveitarstjórn

**32. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn mánudaginn 21. september 2015 og hófst kl 17:00**

**Mætt voru:** Siggeir Stefánsson, Reynir Atli Jónsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Hilma Steinarsdóttir, Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson og Nína Björg Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

**1. Fundargerð 830. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 11. september 2015.**

Lögð fram til kynningar.

**2. Fundargerð 270. fundar stjórnar Eypings, dags. 26. ágúst 2015.**

Lögð fram til kynningar.

**3. Fundargerðir Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra nr. 174 og 175.**

Lagðar fram til kynningar.

**4. Fundargerð 8. fundar Íþróttá- og tómstundanefndar, dags. 8. september 2015. Liður 1 Svartholið félagsmiðstöð.**

Lagt er til bókun Íþróttá- og tómstundanefndar verði staðfest af sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar

**5. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2015.**

Lagt fram til kynningar.

**6. Umhverfisþing 2015.**

Lagt fram til kynningar.

**7. Ársfundur samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum.**



## LANGANESBYGGÐ

Lagt fram til kynningar.

### 8. Ráðstefna um stefnumótun í æskulýðsmálum

Erindi vísað til Íþróttá og tómstundaneftndar Langanesbyggðar.

Samþykkt samhljóða.

### 9. Viðtalstími með fjárlaganefnd.

Lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn leggur til að sveitarstjóri, oddviti og Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir fundi með fjárlaganefnd Alþingis í gegnum fjarfundabúnað.

6 samþykkir, Hilma situr hjá.

### 10. Kynning á fundi með forsvarsmönnum Rarik.

Sveitarstjóri, oddviti og varaoddviti fóru á fund með stjórn og starfsmönnum Rarik sem voru á ferð um svæðið. Fulltrúar Langanesbyggðar komu á framfæri sjónarmiðum sveitarfélagsins. Rarik kynnti starfsemi sína og fyrirætlanir á svæðinu.

### 11. Kynning á fundi með formönnum fastanefnda.

Sveitarstjóri, oddviti og varaoddviti héldu fund með formönnum nefnda þar sem farið var yfir embættisskyldur formanna og formsatriði.

### 12. Byggðarleg áhrif innflutningsbanns Rússa – skýrsla Byggðarstofnunar.

Nýútkomin skýrsla Byggðarstofnunar lögð fram til kynningar.

### 13. Auglýsing umsóknar um byggðakvóta fiskveiðiársins 2015/2016.

Sveitarstjóra falið að ganga frá umsókn um byggðarkvóta fyrir árið 2015/2016.

Samþykkt samhljóða.

### 14. Rekstrarleyfi sumarhúsagisting Felli– beiðni um umsögn.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra óskar eftir umsögn sveitarstjórnar vegna umsóknar Reimars Sigurjónssonar um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistingar í sumarhúsi að Felli.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar leggur til að umsóknin verði samþykkt.

Samþykkt samhljóða.

### 15. Styrkbeiðni Flugklasinn

Flugklasinn Air66 óskar eftir fjárframlagi til tveggja ára.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar sér sér ekki fært að verða við umsókninni.

Samþykkt samhljóða.

### 16. Íbúðir aldraðra – samræming leiguverðs.

Sveitarstjóri lagði fram minnisblað er varðar misræmi á leiguverði íbúða aldraðra.

Sveitarstjóra falið að leiðrétta leiguverð í samræmi við framlagða tillögu.



## LANGANESBYGGÐ

Samþykkt samhljóða.

### 17. Skógrækt.

Sveitarstjóra er falið að kanna hvaða möguleikar eru fyrir sveitarfélagið að fá græðlinga til gróðursetningar í og við báða byggðarkjarna Langanesbyggðar.  
Samþykkt samhljóða.

### 18. EFS svar vegna hæðis endurskoðenda.

Bréf kynnt fyrir sveitarstjórn.

Sveitarstjóra og oddvita falið að undirrita bréfið og koma því til Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga (EFS).

Samþykkt samhljóða.

### 19. EFS drög að svari vegna frávika ársins 2014.

Sveitarstjóri fór yfir tilurð máls og efni svars til Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Lagt er til að sveitarstjóra og oddvita verði falið að ljúka við svar sveitarstjórnar og senda á sveitarstjórnarmenn. Að fengnu samþykki sveitarstjórnar verður bréfið sent til EFS.

Samþykkt samhljóða.

### 20. Nýbygging leikskóla – staða mála

Frá því að núverandi meirihluti tók við í mars síðastliðnum hefur verið unnið að áframhaldandi þróun á hönnun nýs leikskóla við Grunnskóla Þórshafnar. Haldnir hafa verið tveir fundir í byggingarnefnd leikskólans.

Á fyrri fundinum var staða verkefnis ríftuð upp og farið yfir þau gögn sem eru til. Á seinni fundinum kom Orri arkitekt, sem unnið hafði að málinu fyrir kosningar 2014. Í framhaldinu var Marinó Stefánsson frá Norðfirði fenginn til að rýna teikningar. Í júní var Helgi Geirharðsson ráðinn verkefnastjóri fyrir verkefnið. Í sumar gerðist ekki mikið og er vinnan að fara af stað aftur. Næstu skref eru meiri vinna við að skoða úrlausnir á húsnæði, hönnun og innri rýmum.

### 21. Nýbygging leikskóla - spurningar frá L-lista

- a) Er enn verið að vinna eftir hugmyndum meirihlutans varðandi stærð og kostnaðaráætlun leikskólans sem áður hafa verið kynntar sveitarstjórn?

Hönnun á nýbyggingu leikskóla er ekki lokið og þess vegna ekki hægt að segja til um hver lokaniðurstaðan verði á stærð byggingarinnar.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar hefur í tvígang samþykkt sömu fjárhæð í nýbyggingu leikskóla. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 sem var samþykkt í desember 2013 var samþykkt að setja 250 mkr. í verkefnið. Árið 2014 var aftur samþykkt í fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 að setja sömu upphæð í verkefnið. Hefur meirihlutinn ekki gert ráð fyrir öðru en því sem samþykkt hefur verið í sveitarstjórn.

- b) Er búið að undirrita samninga við verkefnisstjóra og hljóðvistarfræðing sem voru ráðnir af meirihluta á sveitarstjórnarfundi þann 27. ágúst sl.?



## LANGANESBYGGÐ

Gerður hefur verið samningur við Helga Geirharðsson verkefnisstjóra sem tilbúinn er til undirritunar. Ekki hefur verið gerður samningur við hljóðvistarfræðing en hann hefur verið látinn vita af ákvörðun sveitarstjórnar Langanesbyggðar.

### **22. Fastanefndir í Langanesbyggð**

Umræða var undir þessum lið um fastanefndir.

### **23. Skýrsla sveitarstjóra.**

Sveitarstjóri fór yfir helstu verkefni frá síðasta fundi sveitarstjórnar, mikil vinna hefur farið í mál sem eru hér ofar á dagskrá. Útkomuspá er að klárast, vinna við hana hefur verið snúin vegna óvissuástands á mörkuðum fyrir uppsjávarafurðir. Verklek verkefni ganga samkvæmt áætlunum. Upp er komið verkefni vegna ofnalagna í Grunnskóla Bakkafjarðar, áætlaður kostnaður er 650 þúsund.

Fundargerð upplesin og samþykkt

Fundi slitið kl 18:15